

Brothættar byggðir - ákall um aðgerðir í þágu heilsársbúsetu í Árneshreppi

Greinargerð til forsætisráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis



Apríl 2021

Stjórn verkefnisins Áfram Árneshreppur

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Verkefnisstjórn Áfram Árneshreppur	3
Yfirlit yfir tillögur verkefnisstjórnar Áfram Árneshrepps	4
Greinargerð með tillögum verkefnisstjórnar Áfram Árneshrepps	7
1. Bættar samgöngur allt árið	7
2. Fjarskiptamál og ljósleiðaravæðing	8
3. Þrífösun rafmagns/Raforkumál	9
4. Umhverfismál	10
5. Sveitarfélagaskipan og stjórnsýsla.....	10
6. Landbúnaður	11
7. Sjávarútvegur	12
Yfirlit yfir áætlanir og stefnur sem stuðst var við	13
Viðauki – Tengsl við áætlanir	14
Byggðaaætlun 2018-2024.....	14
Samgönguáætlun 2020-2034	14
Orkustefna til 2050.....	14
Þjóðgarðar og önnur friðlýst svæði	15
Stjórnsáttmáli.....	15
Verkefnisáætlun Áfram Árneshreppur	15
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	15
Stjórnskrá lýðveldisins Íslands.....	15
Greining á markmiðum áætlana m.t.t. greinargerðar um málefni Árneshrepps.....	16

Inngangur

Sérstaða Árneshrepps meðal íslenskra sveitarfélaga er mikil. Sveitarfélagið er fámennt og einangrað landfræðilega og ekki hefur tekist að að koma innviðum í sama horf og í öðrum sveitarfélögum landsins, þá einkum vegasambandi, rafmagni og fjarskiptum. Íbúar þurfa að búa við að vegum sé ekki haldið opnum í allt að þrjá mánuði á hverjum vetri og skortur á ljósleiðaratengingu og þrífösun rafmagns stendur allri framþróun fyrir þrífum.

Ráðgert er að byggðaþróunarverkefninu **Áfram Árneshreppur** (ÁÁ) ljúki í lok árs 2021. Verkefnið hefur staðið yfir í hartnær fjögur ár og á því tímabili hefur verið hugað að mörgum framfaraverkefnum í byggðalaginu. Þar hafa tekið höndum saman íbúar og velunnarar byggðalagsins ásamt verkefnisstjórn ÁÁ sem skipuð er fulltrúum íbúa, sveitarstjórnar, Vestfjarðastofu og Byggðastofnunar. Verkefnisstjóri, Skúli Gautason, hefur leitt vinnuna frá upphafi og er starfsmaður Vestfjarðastofu.

Eins og í öðrum byggðarlögum í Brothættum byggðum hefur ÁÁ veitt styrki til framfaraverkefna í byggðalaginu ár hvert um u.þ.b. 5-7 milljónir króna úr svokölluðum Frumkvæðissjóði, umsýsla hans er hjá Vestfjarðastofu. Á árinu 2020 var auknu fjármagni, alls 100 milljónum króna, veitt til verkefna Brothættra byggða með sérstöku fjárfestingarátaki stjórnvalda. Fjárfestingaráttak stjórnvalda hafði það að markmiði að auka enn frekar viðspyrnu þátttökubýggðarlaga Brothættra byggða á tímum heimsfaraldurs og naut Árneshreppur góðs af styrkúthlutunum þessara sjóða líkt og önnur þátttökubýggðalög. Að auki hefur Árneshreppur fengið úthlutun úr sjóði A9, *verslun í strjálbýli*, úr aðgerðaáætlun stefnumótandi byggðaáætlunar 2018-2024 og fyrir það eru íbúar afar þakklátir.

En betur má ef duga skal. Meginmarkmið Brothættra byggða er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í hverju þátttökubýggðalagi. Í tilviki Árneshrepps hefur því markmiði ekki verið náð og hafa íbúar og velunnarar byggðalagsins miklar áhyggjur af stöðu byggðalagsins. Meginkilaboð íbúa og verkefnisstjórnar til stjórnvalda eru að treysta þurfi grundvöll heilsársbyggðar í byggðalaginu og þar ber allt að sama brunni, að einangrun byggðarlagsins yfir veturinn sé of hár þröskuldur fyrir vel flesta þá sem gætu hugsað sér heilsársbúsetu. Við það bætist að Árneshreppur hefur setið eftir í viðamiklu átaki stjórnvalda í fjarskiptum og raforkuöryggi. Vandséð er hvernig byggð og mannlíf geti blómstrað nema stjórnvöld taki höndum saman við Árneshrepp og Vestfjarðastofu og komi að málum með afgerandi hætti. Slík aðkoma ríkisins að málefnum Árneshrepps þolir enga bið.

Í ljósi væntanlegra tímamóta í verkefninu Áfram Árneshreppur hefur verkefnisstjórn á undanföllum vikum velt við öllum steinum og reynt að leggja mat á brýnustu málefni. Einn liður í því var að halda fund með ungmennum með rík tengsl í Árneshreppi eða með búsetu þar og bjóða til samtals um málefni Árneshrepps. Gestir fundarins héldu framsögu um sín sjónarmið um stöðu og framtíð Árneshrepps og reifuðu sóknarfæri byggðalagsins. Þau voru sammála um að ráðast verði strax í aðgerðir til að treysta heilsársbyggð í Árneshreppi, en slíkt sé ekki hægt án aðkomu stjórnvalda. Ef ekkert verður að gert verða forsendur til heilsárs búsetu í Árneshreppi brostnar innan skamms tíma.

Til að bregðast við alvarlegri stöðu byggðalagsins leggur verkefnisstjórn Áfram Árneshreppur í samstarfi við sveitarstjórn hér lóð á vogarskálarnar í formi greinargerðar til stjórnvalda þar sem dregin

verða fram þeir þættir sem íbúar og verkefnisstjórn telja brýnast að hljóti úrlausn svo tryggja megi grundvöll áframhaldandi farsællar búsetu og mannlífs í Árneshreppi.

Við vinnslu greinargerðarinnar var haft samband við ýmsa aðila til að afla upplýsinga um stöðu mála í einstaka málaflokkum, m.a. í ráðuneytum, samtökum landbúnaðarins og hjá orkufyrirtækjum. Greinargerðin var send í drögum til ráðuneytanna fjögurra. Viðbrögð bárust frá forsætisráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Verkefnisstjórn þakkar fyrir auðsýndan áhuga.

Verkefnisstjórn Áfram Árneshreppur

Skúli Gautason, verkefnisstjóri

Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti sveitarstjórnar Árneshrepps

Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Vestfjarðastofu

Lína Björg Tryggvadóttir, fulltrúi Vestfjarðastofu

Arinbjörn Bernharðsson, fulltrúi íbúa

Kristmundur Kristmundsson, fulltrúi íbúa

Linda Guðmundsdóttir, fulltrúi íbúa

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Eva Pandora Baldursdóttir, sérfræðingur Byggðastofnun, í barneignarleyfi

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnunar

Yfirlit yfir tillögur verkefnisstjórnar Áfram Árneshrepps

Verkefnisstjórn Áfram Árneshreppur leggur til að farið verði í eftirfarandi aðgerðir í Árneshreppi. Tillögurnar eru dregnar hér fram sem heild. Aðgerðirnar geta haft innbyrðis áhrif hver á aðra en ætla má að að hver og ein þeirra sé nauðsynleg. Meðfylgjandi er greinargerð með nánari umfjöllun um stöðu hvers málaflöks, tillögur að aðgerðum og ætluð áhrif að mati verkefnisstjórnar.

	< 3 mán.	< 1 ár 2021	< 2 ár 2022	< 3 ár 2023	< 4 ár 2024	< 5 ár 2025
Bættar samgöngur allt árið	F-regla	Samgönguáætlun	Undirbúningur vegar yfir Veiðileysuháls	Vegagerð yfir Veiðileysuháls flýtt	Heilsársvegur í Norðurfjörð skv. samgönguáætlun	Tryggð veruleg niðurgreiðsla, 75%, á fargjöldum og frakt desember-mars.
Fjárskipti	Ljósleiðari á alla bæi	GSM og öryggisfj.				
Rafmagn	OV-þrífösun um alla sveit	Hagkvæmni smávirkjana ath.				
Umhverfis mál	Kortleggja mögulegar aðgerðir tengdar friðun					
Stjórn- sýsla	Ath. sameiningu					
Land- búnaður	Sérheimild					
Sjávar- útvegur	Sérheimildir í sjávarútvegi					

Tillögum um aðgerðir er lýst nánar í eftirfarandi töflu.

1. Bættar samgöngur allt árið
<ul style="list-style-type: none">• < 3 mánuðir: Vetrarþjónusta verði færð strax úr G-flokki í F-flokk þjónustu Vegagerðarinnar og mokað tvisvar í viku, að teknu tilliti til ofanflóðahættu og öryggis starfsmanna og vegfarenda.• < 1 ár: Gerð verði heildstæð samgönguáætlun fyrir Árneshrepp sem gildir alla daga ársins. Farið verði í valkostagreiningu og forhönnun á vega og samgöngubótum frá Reykjarfirði í Norðurfjörð. M.a. verði skoðaðir eftirfarandi kostir: jarðgöng Reykjarfjörður-Árnesdalur, vegur yfir Naustvíkurskörð, vegur um Kjörvogshlíð, ferja Djúpvík-Gjögur yfir veturinn þar til varanlegar vegabætur norður úr Reykjarfirði nást.• 1-5 ár: Vegagerð yfir Veiðileysuháls verði flýtt frá því sem gert er ráð fyrir í núverandi samgönguáætlun og verkefninu lokið í síðasta lagi á árinu 2023. Afar mikilvægt að lokið verði við allan undirbúning verksins á árunum 2021 og 2022. Tryggðar verði bættar heilsárssamgöngur alla leið í Norðurfjörð í samræmi við niðurstöður valkostagreiningar. forhönnunar.• 0-5 ár: Tryggð verði veruleg niðurgreiðsla, 75%, fyrir öll flugfargjöld og frakt með flugi til Gjögurs á tímabilinu desember-mars þar til bættar samgöngur á landi (og sjó) hafa rofið vetrareinangrun byggðarlagsins. Flugferðum verði fjölgað til að íbúar verði jafnsettir miðað við þá sem búa við heilsárssamgöngur.
2. Fjarskiptamál og ljósleiðaravæðing
<ul style="list-style-type: none">• < 1 ár: Lagður verði ljósleiðari á alla bæi í Árneshreppi og þannig settur punktur við núverandi áfanga í verkefninu Ísland ljóstengt um tengingar í öllu dreifbýli á Íslandi.• < 1 ár: Símasambandi og öryggisfjarskiptum til sjós og lands verði komið í varanlegra horf þannig að ekki þurfi að stóla á framlög sveitarfélagsins til þessa málaflokks.
3. Þrífösun rafmagns/Raforkumál
<ul style="list-style-type: none">• < 2 ár: Orkubúi Vestfjarða verði gert kleift og skylt að leggja þrífasa streng í Norðurfjörð og um þann hluta Árneshrepps sem er í byggð.• < 2 ár: Gerð verði hagkvæmnisathugun á smávirkjanakostum og metið með hvaða hætti slíkar framkvæmdir geti nýst til að tryggja orkuöryggi og nægt framboð grænnar raforku í byggðarlaginu. Horfa mætti einnig til beislunar vindorku í þessu samhengi.
4. Umhverfismál
<ul style="list-style-type: none">• < 3 ár: Árneshreppur, í samstarfi við umhverfisráðuneyti, kortleggi mögulegar aðgerðir tengdar vernd, friðun eða varðveislu, sem væru líklegar til að skila samfélaginu í Árneshreppi ávinningi til skemmri og lengri tíma og styðja þannig við búsetu í byggðarlaginu.
5. Sveitarfélagaskipan og stjórnýsla
<ul style="list-style-type: none">• < 0-1 ár: Ráðuneyti sveitarstjórnar- og samgöngumála og sveitarstjórn Árneshrepps hefji samtali um styrkleika, veikleika, tækifæri og ógnanir samfara mögulegri sameiningu. Í framhaldi af því verði unnið að valkostagreiningu í samstarfi við möguleg sameiningarsveitarfélög. Í þessari vinnu verði tekið sérstakt tillit til stöðu byggðarlagsins í samgöngumálum og nauðsyn þess að rödd heimamanna verði skýr og hafi ótvíræð áhrif í sameinuðu sveitarfélagi komi til sameiningar á næstu árum. Horfa má til tilraunar um heimastjórnir í hinu nýja Múlaþingi í þessu samhengi. Eins má vísa til ákvæða 9. gr.

frumvarps til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags), mál 378, 151 löggjafarþing.¹

6. Landbúnaður

- **< 3 mán:** Stjórnvöld liðki til fyrir nýliðun bænda í Árneshreppi með tvennum hætti.
 - 1) Lagt er til að stjórnvöld virki ákvæði í samkomulagi um breytingar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, 2. gr. 3 tölulið². Þar kemur fram að veita megi ákveðnum hópum framleiðenda forgang á kaupum á því greiðslumarki sem boðið er til sölu hverju sinni. Lagt er til að þetta ákvæði gildi um þá aðila sem hyggjast hefja búskap með sauðfé í Árneshreppi og gildi til loka árs 2025.
 - 2) Lagt er til að undanþága verði veitt vegna aldurstengdra viðmiða á nýliðunarstyrkjum skv. reglugerð um almennan stuðning við landbúnað, 16. grein³. Lagt er til að ákvæði um slíka undanþágu gildi til loka árs 2025.

7. Sjávarútvegur

- **< 1 ár:** Að stjórnvöld bregðist við með því að almennur byggðakvóti verði aukinn þannig að hver bátur geti gert ráð fyrir því að fá u.þ.b. 5 tonn hver í sinn hlut. Gera má ráð fyrir að 5-7 bátar sæki um úthlutun byggðakvóta og næmi þá heildaraukningin um 10-15 tonnum frá því sem nú er. Lagt er til að auknar aflaheimildir fyrir úthlutun í byggðalaginu verði boðnar fram við næstu úthlutun 1. sept. 2021.
- **< 2 ár:** Lagt er til að tímabil strandveiða báta sem eru skráðir í Árneshreppi verði lengt í fimm mánuði, þ.e. út september.
- **< 2 ár:** Lagt er til að Byggðastofnun fái heimild til að gera samning um sértækt aflamark sem sé undanþegið vinnsluskyldu aflans í byggðalaginu. Í samningnum verði ákvæði um heilsársbúsetu samningsaðila í Árneshreppi. Með þessu móti er skotið stoðum undir heilsársatvinnu íbúa.

¹ <https://www.althingi.is/altext/151/s/0470.html%E2%80%8B>

² Samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 19. feb. 2016.

³ Reglugerð um almennan stuðning við landbúnað nr. 1260/2018. IV kafli.

Greinargerð með tillögum verkefnisstjórnar Áfram Árneshrepps

Í þessum kafla verður gerð stutt grein fyrir stöðu í samtals sjö málaflokkum, tillögur til umbóta lagðar fram og ætluð áhrif að mati verkefnisstjórnar reifuð. Í viðauka er yfirlit yfir tengsl aðgerða sem hér eru lagðar til við ýmsar áætlanir stjórnvalda ásamt verkefnisáætlun Áfram Árneshreppur.

1. Bættar samgöngur allt árið

Árneshreppur er eina samfélagið á Íslandi sem býr við sambandsleysi á láði og legi fyrstu þrjá mánuði hvers árs. Við það bætist að svokölluð G-regla vegagerðar hefur verið túlkuð þröngt frá hruni og aðeins mokað einu sinni í viku fyrri hluta vetrar fram að áramótum. Gjarnan er gripið til þungatakmarkana að vori og háir það m.a. fiskflutningum. Þess má einnig geta að sveitarfélagið hefur átt erfitt með að fá helmingamokstur þegar eftir því hefur verið óskað. Slíkt leyfi virðist háð samþykki Vegagerðarinnar í Reykjavík.

Vegagerð yfir Veiðileysuháls er á samgönguáætlun frá og með árinu 2024. Alls eru ætlaðar 750 m.kr. í verkið, þar af 300 m.kr. á fyrsta ári, 2024. Í tillögum starfshóps í kjölfar ofsaveðurs í desember 2019 er mælt með að verkinu verði lokið árið 2023.^{4, 5} Ennfremur er talið forgangsmál að afnema G-reglu og skipta fjallvegum út fyrir jarðgöng.⁶ Ekki liggja fyrir í samgönguáætlun tillögur um vegabætur norður úr Reykjarfirði í Trékyllisvík og Norðurfjörð. Á þeirri leið er Kjörvogshlíðin meginfarartálminn og nauðsynlegt að huga að varanlegri lausn.

Flugið er til Gjögurs frá Reykjavík tvisvar í viku, á mánudögum og föstudögum. Flugsæti aðra leið kostar 12-13 þúsund krónur. Flugíð er mikilvæg lífæð fyrir samfélagið, sérstaklega þegar aðrar samgöngur eru ekki í boði. Nú geta íbúar nýtt sér hina nýju Loftbrú og það bætir stöðu þeirra sem eru með fasta búsetu í Árneshreppi. Það er hins vegar vandséð að flugsamgöngur geri íbúa byggðarlagsins jafnsetta öðrum landsmönnum og nefna má nokkur atriði í því sambandi:

- Flugíð er dýr ferðamáti og niðurgreiðslur nýtast aðeins íbúum í takmörkuðum fjölda ferða. Þannig geta íbúar alls ekki vænst þess að t.d. fjölskyldur afkomenda, eða gestir yfirleitt, sækji byggðarlagið heim að vetrinum vegna kostnaðar.
- Öll aðföng eru dýrari en ella væri vegna flutningskostnaðar.
- Flugíð bætir ekki stöðu þeirra sem búa við Reykjarfjörð/í Djúpavík.
- Flugíð gefur ekki færi á samgangi við næstu nágrennabyggðir, aðeins höfuðborgina en þá með viðbótarkostnaði vegna bílleysis þegar suður er komið.

Þegar ofanritað er dregið saman má ljóst vera að einangrun Árneshrepps er einsdæmi á landinu og vafamál að slíkt standist lög og reglur.

Víða um lönd eru litlar ferjur notaðar til að leysa samgönguvanda eyja og smærri byggðalaga og mörg góð dæmi um slíkt er að finna í [Noregi](#) og á [Grænlandi](#), auk t.d. siglinga frá [Norðurfirði að Horni](#) og [siglinga á Hornstrandir frá Ísafirði](#). Vel mætti hugsa sér að sami bátur yrði nýttur sem ferja að vetri á Reykjarfirði og að sumarlagi í ferðamennsku norður á Norður-Strandir og Hornstrandir.

Lagt er til að ráðist verði í eftirfarandi aðgerðir

- **< 3 mánuðir:** Vetrarþjónusta verði færð strax úr G-flokki í F-flokk þjónustu Vegagerðarinnar og mokað tvisvar í viku, að teknu tilliti til ofanflóðahættu og öryggis starfsmanna og vegfarenda.

⁴ <https://www.stjornarradid.is/innvidir/>

⁵ <https://www.stjornarradid.is/innvidir/nanar-um-adgerd/?itemid=58558c1d-5671-11ea-9455-005056bc530c>

⁶ [https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/ForsAetisraduneytid/Innvidir-2020/%C3%81taksh%C3%B3pur%20-%20a%C3%B0ger%C3%B0al%C3%BDsingar%20\(ID%20139546\)%20web.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/ForsAetisraduneytid/Innvidir-2020/%C3%81taksh%C3%B3pur%20-%20a%C3%B0ger%C3%B0al%C3%BDsingar%20(ID%20139546)%20web.pdf) sjá bls. 83.

- **< 1 ár:** Gerð verði heildstæð samgönguáætlun fyrir Árneshrepp sem gildir alla daga ársins. Farið verði í valkostagreiningu og forhönnun á vega og samgöngubótum frá Reykjarfirði í Norðurfjörð. M.a. verði skoðaðir eftirfarandi kostir: jarðgöng Reykjarfjörður-Árnesdalur, vegur yfir Naustvíkurskörð, vegur um Kjörvogshlíð, ferja Djúpavík-Gjögur yfir veturinn þar til varanlegar vegabætur norður úr Reykjarfirði nást.
- **1-5 ár:** Vegagerð yfir Veiðileysuháls verði flýtt frá því sem gert er ráð fyrir í núverandi samgönguáætlun og verkefninu lokið í síðasta lagi á árinu 2023. Afar mikilvægt að lokið verði við allan undirbúning verksins á árunum 2021 og 2022. Tryggðar verði bættar heilsárssamgöngur alla leið í Norðurfjörð í samræmi við niðurstöður valkostagreiningar. forhönnunar.
- **0-5 ár:** Tryggð verði veruleg niðurgreiðsla, 75%, fyrir öll flugfargjöld og frakt með flugi til Gjögurs á tímabilinu desember-mars þar til bættar samgöngur á landi (og sjó) hafa rofið vetrareinangrun byggðarlagsins. Flugferðum verði fjölgað til að íbúar verði jafnsettir miðað við þá sem búa við heilsárssamgöngur.

Áhrif aðgerða

Áhrif aðgerðanna eru tvíþætt. Í fyrsta lagi munu þær bæta stöðu samfélagsins og rjúfa einangrun þess að verulegu marki þegar í stað. Með því er dregið úr þeirri augljósu mismunun sem íbúar Árneshrepps búa við. Í öðru lagi munu þær skapa fullvissu fyrir einbeittum vilja stjórnvalda að rjúfa einangrun Árneshrepps með varanlegum hætti á næstu árum í skýrt skilgreindum áföngum. Það mun gefa núverandi og mögulegum nýjum íbúum allt aðrar og betri forsendur til að taka ákvarðanir um búsetu og störf í Árneshreppi.

Mögulegir mælikvarðar

- Fjöldi farartækja á ferð um Veiðileysuháls og um Kjörvogshlíð
- Nýting flugsæta í áætlunarflugi til Gjögurs
- Íbúafjöldi í Árneshreppi
- Umsvif í Árneshreppi svo sem fjöldi ferðamanna og fjöldi ársverka
- Niðurstöður viðhorfakönnunar um búsetuskilyrði í Árneshreppi, lögð fyrir núverandi og brottflutta íbúa

2. Fjarskiptamál og ljósleiðaravæðing

Aðkomu ríkisins að verkefninu Ísland ljóstengt lýkur á árinu 2021 með lokaúthlutun styrkja á grundvelli verkefnisins. Verkefnið er talið hafa náð markmiðum sem því voru sett. Ekki hefur verið lagður ljósleiðari í Árneshreppi ef frá er talinn ljósleiðari frá tengimiðju í Ávík upp á Finnbogastaðafjall vegna senda á Finnbogastaðafjalli. Árneshreppur er því eina sveitarfélagið á landinu sem er ótengt ljósleiðarakerfinu.

Þegar þetta er ritað hefur umsókn til Fjarskiptasjóðs vegna ljósleiðaravæðingar við byggðina í Árneshreppi allt að Norðurfirði verið samþykkt og ákveðið að farið verði í framkvæmdir á árinu 2021. Verkefnisstjórn telur styrk Fjarskiptasjóðs og tengdar framkvæmdir Orkubús Vestfjarða vera mjög mikilvægt innlegg í viðleitni til að styrkja heilsársbúsetu í Árneshreppi.

Á síðustu vikum hafa komið fram upplýsingar um skerta þjónustu í rekstri gsm-stöðvar á Gjögri. Ákveðið hefur verið að bæta úr því með tímabundnum aðgerðum af hálfu ráðuneytis en mikilvægt að varanleg lausn finnist.

Lagt er til að ráðist verði í eftirfarandi aðgerðir

- **< 1 ár:** Lagður verði ljósleiðari á alla bæi í Árneshreppi og þannig settur punktur við núverandi áfanga í verkefninu Ísland ljóstengt um tengingar í öllu dreifbýli á Íslandi.

- < 1 ár: Símasambandi og öryggisfjarskiptum til sjós og lands verði komið í varanlegra horf þannig að ekki þurfi að stóla á framlög sveitarfélagsins til þessa málaflokks.

Áhrif aðgerða

Áhrif aðgerðanna eru þau að samfélagið í Árneshreppi mun standa jafnfætis öðrum dreifbýlum svæðum landsins þegar horft er til aðgengis að öruggu háhraðaneti. Með tilkomu ljósleiðara opnast tækifæri til dæmis fyrir fólk sem getur sinnt sinni vinnu fjarri miðlægum vinnustað, þ.e. störf án staðsetningar. Áhrifin eru einnig þau að frekari víska skapast fyrir skuldbindingu stjórnvalda að tryggja jafnræði íbúa Árneshrepps við aðra landsmenn og það mun skapa tiltrú á byggðarlagið.

Mögulegir mælikvarðar

- Fjöldi þeirra sem eru búsettir í Árneshreppi og hafa að minnsta kosti 25% tekna af störfum sem sinnt er í gegn um fjarsamband
- Hlutfall tekna af fjarstörfum sem heildarhlutfall atvinnutekna í Árneshreppi
- Hlutfall gististaða í Árneshreppi sem geta boðið gestum háhraða netsamband sambærilegt við það sem best gerist á landinu

3. Þrífösun rafmagns/Raforkumál

Í Árneshreppi er einfasa rafmagn og afhendingaröryggi mjög ábótavant. Þessi staða stendur atvinnulífi og framförum í byggðalaginu algerlega fyrir þrífum. Af þessum sökum er mikilvægt að tryggja næga orku og örugga afhendingu í byggðalaginu með öflugri þriggja fasa tengingu við landsnetið. Þegar þetta er ritað hefur Árneshreppi borist yfirlýsing frá Orkubúi Vestfjarða um þátttöku í verkefni um lagningu þriggja fasa rafstrengs samhliða lagningu ljósleiðara. Verkefnisstjórn þakkar Orkubúi Vestfjarða fyrir þeirra aðkomu að þessu mikilvæga máli.

Fyrir liggur í greinargerð Vestfjarðarstofu um smávirkanir að möguleikar eru í Árneshreppi sem vert væri að kanna frekar. Við það bætist að fleiri virkjanakostir hafa verið nefndir til sögu, s.s. Ávíkurá og Húsá. Það myndi styrkja rekstrargrundvöll virkjana ef hægt yrði að framleiða inn á landsnetið. Einnig hafa möguleikar hagnýtingar vindorku sífellt verið að þróast. Áhugavert er að sjá hvort smávirkanir og tenging við landsnetið geti farið saman í samþættri lausn grænnar orku þannig að hægt verði að útrýma framleiðslu rafmagns með jarðefnaeldsneyti í Árneshreppi.

Lagt er til að ráðist verði í eftirfarandi aðgerðir

- < 2 ár: Orkubúi Vestfjarða verði gert kleift og skylt að leggja þrífasa streng í Norðurfjörð og um þann hluta Árneshrepps sem er í byggð.

< 2 ár: Gerð verði hagkvæmnisathugun á smávirkjanakostum og metið með hvaða hætti slíkar framkvæmdir geti nýst til að tryggja orkuöryggi og nægt framboð grænnar raforku í byggðarlaginu. Horfa mætti einnig til beislunar vindorku í þessu samhengi.

Áhrif aðgerða

Áhrif aðgerðanna eru þau að samfélagið í Árneshreppi mun standa jafnfætis öðrum dreifbýlum svæðum landsins þegar horft er til atvinnu- og samfélagsuppbyggingar. Áhrifin eru einnig þau að frekari víska skapast fyrir skuldbindingu stjórnvalda að leggja samfélaginu í Árneshreppi lið og það mun auka tiltrú á byggðarlagið og framtíðarbúsetu þar.

Mögulegir mælikvarðar

- Hlutfall lögbýla og vinnustaða með þrífasa rafmagn með ásættanlegu afhendingaröryggi.
- Fjöldi vinnustaða sem hefur tekist að nýta þrífösun til framdráttar starfseminni.
- Fjöldi hannaðra og arðsamra smávirkjanakosta í Árneshreppi m.v. hagkvæmniathugun.

4. Umhverfismál

Mat á kostum og göllum þess að hagnýta einhverja tegund friðunaráætlana til hagsbóta fyrir umhverfi og samfélag í Árneshreppi. Um gæti verið að ræða verndun eða markvissa nýtingu á náttúrunni til varðveislu og samfélagsuppbyggingar, allt frá friðun einstakra náttúruminja yfir í stærra áætlanir s.s. mismunandi stig þjóðgarða.

Tekist hefur verið á um hagsmuni tengda virkjun Hvalár í Árneshreppi og hefur það komið niður á samheldni íbúa sveitarfélagsins um aðgerðir til að bæta stöðu þess. Þrýstingur hefur verið mikill og margir aðilar utan héraðs gert tilkall til áhrifa í þessu máli. Engum blöðum er um það að fletta að Árneshreppur er einstaklega ríkt byggðarlag þegar kemur að fallettri og sérstæðri náttúru. Á það bæði við um þann hluta sveitarinnar sem er í byggð og þann hluta sem er að mestu kominn úr heilsársbúsetu, þ.e. frá og með Ingólfsfirði og norður að mörkum Árneshrepps og Ísafjarðarbæjar, norðan Bjarnarfjarðar (nyrðri).

Lagt er til að ráðist verði í eftirfarandi aðgerðir

- < 3 ár: Árneshreppur, í samstarfi við umhverfisráðuneyti, kortleggi mögulegar aðgerðir tengdar vernd, friðun eða varðveislu, sem væru líklegar til að skila samfélaginu í Árneshreppi ávinningi til skemmri og lengri tíma og styðja þannig við búsetu í byggðarlaginu.

Áhrif aðgerða

Ofangreind aðgerð er hugsuð þannig að vinnan verði fyrst og fremst unnin á forsendum samfélagsins í Árneshreppi. Verkefnisstjórn væntir þess að vinnan geti orðið lóð á vogarskálar í sátt um framtíðarsýn sem geti eftt samfélagið til skemmri og lengri tíma.

Mögulegir mælikvarðar

- Niðurstöður könnunar meðal íbúa og annarra hagsmunaaðila um niðurstöður mats á kostum og göllum friðunar eða verndar.

5. Sveitarfélagaskipan og stjórnýsla

Árneshreppur var samkvæmt tölum Hagstofu Íslands miðað við 1. janúar 2020 fámennasta sveitarfélag á Íslandi með 43 skráða íbúa. Líklegt má telja að einangrun byggðarlagsins á vetrum ráði mestu um það að til sameiningar hefur ekki komið á undanförunum áratugum. Þrautseigja heimamanna við að ráða sínum málum er mikil, enda vandséð að aðrir hefðu gert það betur miðað við aðstæður.

Þegar þetta er ritað hefur verið lagt fram frumvarp⁷ til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum um lágmarksfjölda íbúa í sveitarfélögum. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvort og þá hvernig breytt lög munu líta út en ljóst að það stefnir í fækkun og stækkun sveitarfélaga ef marka má umræðu undangenginna mánaða, m.a. á vettvangi sveitarfélaga og á Alþingi.

Lagt er til að ráðist verði í eftirfarandi aðgerðir

- < 0-1 ár: Ráðuneyti sveitarstjórnar- og samgöngumála og sveitarstjórn Árneshrepps hefji samtali um styrkleika, veikleika, tækifæri og ógnanir samfara mögulegri sameiningu. Í framhaldi af því verði unnið að valkostagreiningu í samstarfi við möguleg sameiningarsveitarfélög. Í þessari vinnu

⁷ <https://www.althingi.is/altext/151/s/0470.html%E2%80%8>

verði tekið sérstakt tillit til stöðu byggðarlagsins í samgöngumálum og nauðsyn þess að rödd heimamanna verði skýr og hafi ótvíræð áhrif í sameinuðu sveitarfélagi komi til sameiningar á næstu árum. Horfa má til tilraunar um heimastjórnir í hinu nýja Múlaþingi í þessu samhengi. Eins má vísa til ákvæða 9. gr. frumvarps til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags).⁸

Áhrif aðgerða

Tillöggunni er ætlað að tryggja að raddir heimamanna heyrist í því ferli sameiningar sem allt stefnir í að muni fara af stað á næstu misserum og að niðurstaðan verði samfélaginu í Árneshreppi hagfelld. Ekki þarf að fjölyrða um að hver sem niðurstaðan verður, verður sveitarstjórn nýs (eða óbreytts) sveitarfélags að halda vel utan um hagsmuni byggðarinnar í Árneshreppi ef ekki á illa að fara. Einnig er óhjákvæmilegt að sameiningarumræða tengist umræðu um þær tillögur sem lagðar eru fram í þessari greinargerð.

Mögulegir mælikvarðar

- Viðhorf fulltrúa Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og viðhorf sveitarstjórnar til niðurstöðu samtals um stjórnsýslu fyrir samfélagið í Árneshreppi
- Niðurstaða mögulegra kosninga um sameiningu þegar fram líða stundir
- Fjárhagslegur stuðningur stjórnvalda við sameiningarferil

6. Landbúnaður

Mikil þörf er á nýliðun í sauðfjárbúskap í byggðalaginu þar sem meðalaldur bænda er hár. Mikilvægt er að treysta stöðu sauðfjárræktar í Árneshreppi þar sem hann er grundvöllur heilsársbúsetu og er jafnframt stór hluti af menningarlandslagi sem ber að varðveita. Árneshreppur er sauðfjárrækt á Íslandi sérstaklega mikilvægt svæði m.t.t. þess að héraðið er laust við búfjársjúkdóma þ.m.t. riðu. Á tímum þar sem riða hefur komið upp víða um landið eru sterk rök fyrir því að treysta sauðfjárrækt í Árneshreppi þar sem bændur um land allt hafa getað sótt nýjan bústofn inn á hreint landsvæði líkt og er í Árneshreppi. Svæðisbundinn stuðningur⁹ hefur verið veittur til bænda í Árneshreppi eins og til annarra bænda sem búa fjarri stærra þéttbýli. Í því samhengi er rétt að nefna að lágmarksviðmið um fjölda búfjár á hverju býli er lægra í Árneshreppi þ.e. 100 fjár miðað við 300 fjár annars staðar á landinu.

Lagt er til að ráðist verði í eftirfarandi aðgerðir

- < 3 mán.: Stjórnvöld liði til fyrir nýliðun bænda í Árneshreppi með tvennum hætti.
 - 1) Lagt er til að stjórnvöld virki ákvæði í samkomulagi um breytingar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, 2. gr. 3 tölulíð¹⁰. Þar kemur fram að veita megi ákveðnum hópum framleiðenda forgang á kaupum á því greiðslumarki sem boðið er til sölu hverju sinni. Lagt er til að þetta ákvæði gildi um þá aðila sem hyggjast hefja búskap með sauðfé í Árneshreppi og gildi til loka árs 2025.
 - 2) Lagt er til að undanþága verði veitt vegna aldurstengdra viðmiða á nýliðunarstyrkjum skv. reglugerð um almennan stuðning við landbúnað, 16. grein¹¹. Lagt er til að ákvæði um slíka undanþágu gildi til loka árs 2025.

⁸ Mál 378, 151 löggjafarþing.

⁹ Reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt nr. 1183/2017. Kafli IV um svæðisbundinn stuðning.

¹⁰ Samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 19. feb. 2016.

¹¹ Reglugerð um almennan stuðning við landbúnað nr. 1260/2018. IV kafli.

Áhrif aðgerða

Auðveldar nýliðun í bændastétt í byggðalaginu. Treystir rekstrargrundvöll sauðfjárbúa og þar með forsendur fyrir heilsársbúsetu. Spornar við hnignun brothættar byggðar og leiðir til nýrra sóknartækifæra í landbúnaði. Getur haft víðtæk jákvæð áhrif á landsvísu þar sem sauðfjárstofninn og svæðið er hreint og hægt er að sækja í þegar riða kemur upp á öðrum landsvæðum.

Mögulegir mælikvarðar

- Fjöldi ærgilda í greiðslumarki í Árneshreppi
- Fjöldi lögbýla í ábúð með sauðfjárbúskap sem aðalgrein
- Heildaratvinnutekjur bænda í Árneshreppi (ef slíkum gögnum má safna vegna persónuverndar)

7. Sjávarútvegur

Í Árneshreppi var 15 þorskígildistonnur úthlutað úr byggðakvóta við síðustu úthlutun en það er lágmarksúthlutun skv. reglum um almennan byggðakvóta, en úthlutun var 26 tonn þegar reglugerðin var sett. Úthlutun byggðakvóta upp á 1-3 tonn fyrir hvern bát hefur ekki mikið vægi og kvótinn jafnvel þá kláraður í einum til tveimur róðrum í septembermánuði.

Strandveiðar hafa verið mikil lyftistöng fyrir byggðalagið frá upphafi. Að jafnaði gera rúmlega 20 bátar út frá Norðurfirði á strandveiðar og stutt er á fiskimiðin út frá Norðurfirði. Mikilvægt er að standa vörð um þessa atvinnustarfsemi í byggðalaginu því umsýsla vegna hafnarinnar og þjónusta við sjófarendur skapar verulega aukin umsvif í byggðarlaginu.

Lagt er til að ráðist verði í eftirfarandi aðgerðir

- < 1 ár: Að stjórnvöld bregðist við með því að almennur byggðakvóti verði aukinn þannig að hver bátur geti gert ráð fyrir því að fá u.þ.b. 5 tonn hver í sinn hlut. Gera má ráð fyrir að 5-7 bátar sækji um úthlutun byggðakvóta og næmi þá heildaraukningin um 10-15 tonnum frá því sem nú er. Lagt er til að auknar aflaheimildir fyrir úthlutun í byggðalaginu verði boðnar fram við næstu úthlutun 1. sept. 2021.
- < 2 ár: Lagt er til að tímabil strandveiða báta sem eru skráðir í Árneshreppi verði lengt í fimm mánuði, frá byrjun maí til loka september ár hvert.
- < 2 ár: Lagt er til að Byggðastofnun fái heimild til að gera samning um sértækt aflamark sem sé undanþegið vinnsluskyldu aflans í byggðalaginu. Í samningnum verði ákvæði um heilsársbúsetu samningsaðila í Árneshreppi. Með þessu móti er skotið stoðum undir heilsársatvinnu íbúa.

Áhrif aðgerða

Með auknum aflaheimildum, eflingu strandveiða, bættum samgöngum og þrífösun rafmagns, skapast aðstæður fyrir fleiri útgerðir og smærri fyrirtæki að hasla sér völl. Þetta gæti opnað á möguleika til fullvinnslu afurða og styrkt útgerð tengda heilsársbúsetu.

Mögulegir mælikvarðar

- Heildarafla landað í Árneshreppi
- Aflatengdar tekjur hafnar
- Fjöldi íbúa í Árneshreppi sem hafa að lágmarki 25% atvinnutekna af fiskveiðum eða vinnslu

Yfirlit yfir áætlanir og stefnur sem stuðst var við

Verkefnisáætlun Áfram Árneshreppur

https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/Arneshr/markmid-og-framtidarsyn.pdf

Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar

<https://www.stjornarradid.is/library/05-Rikisstjorn/sattmali-rikisstjornarsamstarf.pdf>

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/1944033.html>

Sjálfbær orkuframtíð – Orkustefna til ársins 2050

<https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/Orkustefna/200327%20Atvinnuvegaraduneytid%20Orkustefna%20A4%20V5.pdf>

Byggðaáætlun 2018-2024

<https://www.althingi.is/altext/pdf/148/s/1242.pdf>

Aðgerðaáætlun Byggðaáætlunar 2018-2024

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/byggdamal/adgerdaaetlun/>

Samgöngustefna 2020-2034

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1944.html>

Þjóðgarðar og önnur friðlýst svæði

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-natturuvernd/natturuvernd/thjodgardar-og-fridlyst-svaedi/>

Viðauki – Tengsl við áætlanir

Tengsl málefnis við áætlanir stjórnvalda og verkefnisáætlun byggðapróunarverkefnisins Áfram Árneshreppur. Dregin hafa verið fram helstu þættir úr nokkrum áætlunum sem tengjast efnisatriðum sem reifuð eru í greinargerðinni.

Byggðaáætlun 2018-2024

Í gildandi byggðaáætlun 2018-2024 er meginmarkmiðið að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör, stuðla að sjálfbærri þróun og efla samkeppnishæfni byggðarlaga um land allt. Sérstök áhersla er lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Áhersla er lögð á virkt samráð ríkis og sveitarfélaga í gegnum stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál og landshlutasamtök sveitarfélaga (C1).

Í fyrsta kafla um framtíðarsýn og viðfangsefni þingsályktunar er eftirfarandi tekið fram: „*Helstu viðfangsefni byggðaáætlunar verði að takast á við fækkun íbúa á einstökum svæðum, einhæft atvinnulíf, tæknibreytingar og þróun og aðlögun er varðar einstakar atvinnugreinar, að skilgreina nauðsynlegar mótvægisáðgerðir og aðlögun vegna áhrifa loftslagsbreytinga, að tryggja greiðar samgöngur og aðgengi að þjónustu og bregðast við harðnandi alþjóðlegri samkeppni um fólk og fyrirtæki. Lögð verði sérstök áhersla á svæði sem standa höllum fæti í þessu samhengi.*”

Í þriðja kafla byggðaáætlunar er kveðið á um mikilvægi samþættingar byggðaáætlunar við aðrar stefnur og áætlanir varðandi framkvæmd byggðaáætlunar.

Samgönguáætlun 2020-2034

Í gildandi samgönguáætlun eru dregin fram tvö meginmarkmið áætlana í samgöngu- og sveitarstjórnarmálum. Annars vegar að þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins og hins vegar að sjálfbærar byggðir og sveitarfélög verði um land allt. Í öðrum kafla samgönguáætlunar um markmið og áherslur er stefnt að því að samgöngukerfi landsins myndi eina samþætta heild sem þjóni íbúum og atvinnulífi sem best. Aðgengi fólks að þjónustu og vörum verði tryggt og hreyfanleiki bættur. Einnig er kveðið á um að búsetugæði verði aukin með bættum samgöngum innan og á milli skilgreindra vinnusóknarsvæða. Jafnframt að uppbygging og rekstur samgangna stuðli að eflingu atvinnulífs innan og á milli landshluta.

Orkustefna til 2050

Í inngangi að orkustefnu segir að orka varði alla Íslendinga og kemur daglega við sögu í lífi landsmanna. Aðgengi að orku, jafnt varma, rafmagni og eldsneyti, er hluti af almennum lífsgæðum almennings og jafnframt forsenda þess að hana megi nýta sem aflagjafa til að knýja hjól atvinnulífsins.

Í megináherslum orkustefnu eru m.a. sett fram eftirfarandi áhersluatriði:

- Ávinningur samfélags og neytenda
- Náttúruvernd og lágmörkun umhverfisáhrifa
- Samkeppnishæfni og verðmætasköpun
- Traustir og öruggir innviðir um land allt
- Öruggt orkuframboð

Jafnframt er birt eftirfarandi framtíðarsýn í nýrri orkustefnu: „*Ísland er land hreinnar orku þar sem öll orkuframleiðsla er af endurnýjanlegum uppruna. Endurnýjanleg orkuframleiðsla gegnir grundvallarhlutverki í baráttunni gegn loftslagsvánni. Orkan er nýtt með sjálfbærum hætti samfélagi og almennungi til hagsbóta. Allri orkupörf er mætt með öruggum hætti til lengri og skemmri tíma. Landið er leiðandi í sjálfbærri orkuvinnslu, orkuskiptum, orkunýtni og skilvirkri fjölnýtingu orkugjafa. Sátt ríkir um vernd náttúru og nýtingu orkuaauðlinda enda umhverfisáhrif lágmörkuð. Samfélagslegur*

ábati af orkuauðlindum er hámarkaður og þjóðin nýtur ávinnings af því. Orkan er hreyfiafl fjölbreyttrar atvinnustarfsemi þar sem er jafn aðgangur á landsvísu að orku á samkeppnishæfu verði. Þjóðin býr yfir framúrskarandi þekkingu og framsækni í orkumálum sem skilar sér í gróskumikilli verðmæta- og nýsköpun.“

Þjóðgarðar og önnur friðlýst svæði

Ósnortin náttúra, hvort heldur er landslag, lífríki eða jarðmyndanir, er takmörkuð auðlind. Með friðun náttúrunnar tryggjum við rétt okkar og komandi kynslóða til að njóta hennar í framtíðinni. Ráðherra getur því friðlýst landsvæði, einstakar náttúrumyndanir og náttúruminjar í samræmi við náttúruverndarlög.

Stjórnarsáttmáli

Í inngangi að sáttmála núverandi ríkisstjórnar kemur m.a. fram að Ísland getur verið sterk rödd á alþjóðavettvangi með því að vera fyrirmynd um jafnréttismál þar sem hægt er að gera enn betur, setja sér metnaðarfull loftslagsmarkmið, að vernda ósnortin víðerni og hlúa að náttúru og lífinu í landinu. Sjálfbær þróun verður í fyrirrúmi við ákvarðanir í samræmi við alþjóðaskuldbindingar og -markmið.....Loks þarf að treysta enn samráð og stuðning við sveitarfélög að því er varðar uppbyggingu innviða, byggðapróun og fjármálaleg samskipti.

Verkefnisáætlun Áfram Árneshreppur

Framtíðarsýn fyrir Árneshrepp árið 2023. Íbúum Árneshrepps hefur fjölgað frá árinu 2017, þeir um eða yfir 60 og komin ný kynslóð til búsetu og starfa allt árið um kring. Innviðir hafa batnað til muna síðustu ár, áfram er unnið að uppbyggingu heilsársvegar úr Bjarnarfirði í Norðurfjörð og vetrarþjónusta aukin. Komið er 3ja fasa rafmagn í byggðarlagið og orkuafhending örugg. Tækifærið var notað til að leggja ljósleiðara. Íbúar leggja einkum stund á þrjár atvinnugreinar, landbúnað, ferðaþjónustu og fiskveiðar, en nýsköpun og frumleiki í tengslum við sérstöðu byggðarlagsins einkennir atvinnu- og mannlíf í Árneshreppi.

Meginmarkmið

1. Traustur landbúnaður og sjávarútvegur
2. Einstakt menningarlandslag og náttúra
3. Öflugir innviðir
4. Samheldið samfélag

Í töflunni hér neðar verða starfsmarkmið úr verkefnisáætlun ÁÁ flokkuð eftir efnispáttum. Fyrri talan í númeri hvers starfsmarkmiðs vísar til meginmarkmiðs hér að ofan.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna fjalla um atriði sem eiga við byggðina í Árneshreppi og hljóta að vera hvatning til aðgerða. Dæmi um það eru markmið 9-Nýsköpun og uppbygging, 10-Aukinn jöfnuður og 11-Sjálfbærar borgir og samfélög. Nánar tiltekið eftirfarandi markmið: 9.1, 9.c, 10.4, 11.2, 11.4, 11.a

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands

Allt úr ofanrituðum áætlunum má draga saman í eftirfarandi grein í stjórnarskrá Íslands sem á við um jafnræði meðal íbúa landsins.

VII.


■ 65. gr.

[Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.] ²⁾

Greining á markmiðum áætlana m.t.t. greinargerðar um málefni Árneshrepps

Markmið áætlana sem snerta beint málefni Árneshrepps sem hér eru til umræðu eru m.a. eftirfarandi:



Bættar samgöngur allt árið

Byggðaáætlun	Byggðaáætlun B-a. Fjármunir verði tryggðir til framkvæmda á tillögum í samgönguáætlun, einkum hvað varðar innanhéraðsvegi, tvíbreiðar brýr og öruggar samgöngur á grundvelli vinnu- og þjónustusóknarsvæða og stækkunar þeirra.
Aðgerðaáætlun byggðaáætlunar	A10 Almennings-samgöngur um allt land A11 Flug sem almennings-samgöngur

- 2.1.4 Samgöngukerfið taki tillit til þarfa ferðaþjónustunnar, m.a. vegna markmiða um dreifingu ferðamanna um landið. Sérstaklega skuli hugað að vetrarþjónustu á vegakerfinu.
- 2.1.5 Allar helstu stofnleiðir og tenging þeirra við þéttbýli með fleiri en 100 íbúa verði með bundnu slitlagi og viðunandi burðarþoli.
- 2.1.6 Áfram verði unnið að lagningu á bundnu slitlagi á umferðarlitla vegi sem hafa viðunandi burðarþol þrátt fyrir að veghönnun sé að einhverju leyti ábótavant.
- 2.1.16 Til sé öflugt kerfi flugvalla sem svari þörfum þjóðarinnar.
- 2.1.21 Íbúar landsbyggðarinnar eigi kost á að komast til höfuðborgarsvæðisins á um 3,5 klst. samþættum ferðatíma, akandi, með almenningsvagni, ferju og/eða í flugi.
- 2.1.22 Unnið verði að því að efla almenningsamgöngur milli byggða með því að gera þjónustuna aðgengilegri og meira aðlaðandi fyrir notendur.
- 2.1.31 Unnið verði að því að tryggja skilvirka framkvæmd Samgöngusáttmála og trausta umgjörð verkefnisins, m.a. með því að skilgreina samstarfsform, kostnaðarskiptingu og ábyrgð á tilteknum aðgerðum og fjármögnunarleiðum.
- 2.2.2 Fyrir liggja mat á öryggishlutverki flugvalla, hafna og vega, m.a. með tilliti til ófyrirséðra atburða, svo sem náttúruhamfara.
- 2.2.6 Trúverðugleiki Íslands verði tryggður með því að landið standist allar úttektir alþjóðlegra stofnana á öryggi í samgöngum.
- 2.2.9 Miða skuli við að þeir innviðir sem leiðakerfi almenningsamgangna liggur um séu í forgangi þegar kemur að vetrarþjónustu. Við allar framkvæmdir og viðhaldsvinnu sé tekið sérstakt tillit til almenningsamgangna og leitað leiða til þess að truflun á þjónustunni verði sem minnst.
- 2.2.11 Flugöryggi á Íslandi verði áfram tryggt.

Í samgönguáætlun er lagt fram yfirlit um útgjöld vegna framkvæmda og verkefni sundurliðuð í töflu nr. 5. Þar koma eftirfarandi upplýsingar um áætlanir samgöngubóta vegna Veiðileysuháls:

Vegnr.	Vegheiti		Lengd	kostnaðar 1.1.2020	1. tímabil	2. tímabil	3. tímabil	lokið
	Kaflar.	Kaflaheiti	kafla [km]	[m.kr.]	2020– 2024	2025– 2029	2030– 2034	
06		Um Veiðileysu- háls	12,0	750	300	450		Frumdrög

- Ríkisstjórnin vill hraða uppbyggingu í vegamálum og öðrum samgönguinnviðum bæði með nýframkvæmdum og viðhaldi. Við forgangsröðun í vegamálum verður sérstaklega litið til ólíkrar stöðu svæða, ferðaþjónustu og öryggissjónarmiða.
- Unnið verður að því að gera innanlandsflug að hagkvæmari kosti fyrir íbúa landsbyggðanna. Áfram þarf að byggja upp almenningsamgöngur um land allt og stutt verður við borgarlínu í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Verkefnisáætlun Áfram Árneshreppur	<p>3.1 Þrýst verði á framkvæmdavaldið um að koma á hærrí föstum afslætti af fargjöldum með flugi til íbúa með lögheimili í sveitarfélaginu. Hin svokallaða skoska leið verði höfð til hliðsjónar. Kanna samstarfsmöguleika við stéttarfélög. Lokið fyrir lok árs 2018.</p> <p>3.3 Vegagerð yfir Veiðileysuháls hefjist á árinu 2018. Ábyrgð: Vegagerðin, Vestfjarðastofa, sveitarfélagið og verkefnisstjórn.</p> <p>3.4 Breyta reglum um vetrarþjónustu (G-reglu) og auka þjónustu allan veturinn á veginum til og í Árneshreppi. Fyrir lok árs 2018.</p> <p>3.5 Hefja umræðu um undirbúning jarðganga úr Reykjarfirði í Árnesdal. Lokið fyrir árslok 2019.</p>
Heimsmarkmið Samneinuðu þjóðanna	<p>11.2 Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningsamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötluðu fólki og öldruðum</p>

Fjarskiptamál og ljósleiðaravæðing

Bygginguáætlun	<p>A-a. Öll heimili og vinnustaðir eigi kost á tengingu við ljósleiðara eða háhraðanet árið 2020. B-i. Opinberum aðilum verði falið að skilgreina störf og auglýsa þau án staðsetningar.</p>
Aðgerðaáætlun bygginguáætlunar	<p>A1 Ísland ljóstengt B13 Stafrænt forskot á landsbyggðinni B7 Störf án staðsetningar B8 Fjarvinnslustöðvar</p>
Samgönguáætlun	<p>2.1.1 Þjónusta í grunnnetinu verði bætt, m.a. með því að nýta tæknilausnir, þ.m.t. á sviði upplýsingatækni.</p> <p>2.1.26 Farnettssamband verði tryggt á þjóðvegum, fjölsóttum ferðamannastöðum og við strendur landsins.</p> <p>2.1.29 Fjarskiptatækni verði nýtt í auknum mæli til að miðla upplýsingum til notenda um leiðir og aðstæður í lofti, á láði og legi.</p> <p>2.3.12 Tryggja skuli samþættingu leiðakerfa og þjónustu almenningsgangna í flugi, á sjó og landi. Fjárhagsleg ábyrgð og ábyrgð á skipulagi þjónustunnar fari saman.</p> <p>2.5.1 Leitast verði við að styrkja samgöngur þannig að sem flestum landsmönnum sé kleift að nálgast nauðsynlega opinbera þjónustu á sem stystum tíma.</p> <p>2.5.3 Framkvæmdir og þjónusta samgöngukerfisins miði að því að auka öryggi og styrkja vinnu- og skólasóknarsvæði.</p> <p>2.5.7 Samþætt almenningsamgöngukerfi á landi, í lofti og á sjó stuðli að jákvæðri byggðapróun og styrki vinnu- og skólasóknarsvæði.</p>
Stjórnarsáttmáli	<ul style="list-style-type: none"> Ljósleiðaravæðingu landsins verður lokið árið 2020 sem eykur lífsgæði og fjölgar tækifærum landsmanna til að skapa atvinnu. Ríkisstjórnin vill að Ísland verði áfram í fremstu röð þegar kemur að fjarskipta- og upplýsingatækni og leggur áherslu á aukið samstarf fjarskiptaaðila um uppbyggingu grunninnviða.

Verkefnisáætlun Afram Árneshreppur	<p>3.9 Athugað verði hvaða möguleikar eru fyrir hendi til þess að auka aðgang íbúa Árneshrepps að fjarþjónustu á sviði heilsugæslu og félagsþjónustu. Skoðist á hverju hausti í ljósi hraðrar tækniþróunar. Í fyrsta skipti haustið 2018.</p> <p>3.10 Þrýsta á um lagningu ljósleiðara.</p>
Helmsmarkið Sameinuðu Þjóðanna	<p>9.c-Aðgengi að upplýsinga- og fjarskiptatækni verði aukið verulega og lagt kapp á að almenningur hafi aðgang að netinu á viðráðanlegu verði í þeim þróunarlöndum sem eru skemmst á veg komin.</p>

Þrífösun rafmagns/Raforkumál

Bygginguáætlun	<p>A-f. Orkukostnaður heimila verði jafnaður, starf eflt við uppsetningu á varmadælum og hugað að nýtingu lífræns úrgangs til orkuvinnslu.</p> <p>B-b. Flutnings- og dreifikerfi raforku mæti þörfum atvinnulífs og almennings alls staðar á landinu hvað varðar flutningsgetu og öryggi við afhendingu og kostir smávirkjana verði kannaðir.</p> <p>B-c. Stuðlað verði að notkun á vistvænni orku í stað jarðefnaeldsneytis.</p>
Aðgerðaáætlun bygginguáætlunar	<p>A14 Jöfnun Orkukostnaðar</p> <p>A15 Uppbygging innviða fyrir endurnýjanlega orku á landi og í höfnum</p> <p>B1 Þrífösun rafmagns</p> <p>B2 Flutningskerfi raforku og aukið orkuöryggi</p> <p>B3 Stuðningur við byggingu smávirkjana</p> <p>C5 Varmadælurvæðing á köldum svæðum</p>
Samgönguáætlun	<p>2.4.6 Rannsóknir verði auknar á umhverfisvænum orkugjöfum, orkusparnaði og aðgerðum til að draga úr mengun.</p>
Orkuskipti	<p>Í umfjöllun í orkuöryggi segir m.a.:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Orkuþörf samfélagsins sé ávallt uppfyllt • Öll starfsemi og flestar athafnir daglegs lífs krefjast öruggs aðgangs að orku á samkeppnishæfu verði • Aðgengi að orku þykir svo sjálfsagt að við tökum helst ekki eftir því nema þegar þess nýtur ekki við • Til að skapa verðmæti og tryggja lífsgæði verður samfélagið að geta treyst því að orkuþörf sé mætt á hverjum tíma • Framboð og innviðir orkunnar teljast til þjóðaröryggishagsmuna þar sem öryggi borgaranna og samfélags og atvinnulífs er háð þessum mikilvægu grunnþáttum • Traustir og áfallaþolnir innviðir • Aukin fjölbreytni í orkukerfinu

Stjórnarsáttmáli	<ul style="list-style-type: none"> Flutnings- og dreifikerfi raforku verður að mæta betur þörfum atvinnulífs og almennings alls staðar á landinu. Uppbygging kerfisins getur stutt við áætlanir um orkuskipti sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, t.d. með því að hraða þrífösun rafmagns, með varmadæluvæðingu á köldum svæðum, innviðum fyrir rafbíla og rafvæðingu hafna. Forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar verður að nýta með sem hagkvæmustum hætti þá orku sem þegar hefur verið virkjuð. Í þeim tilgangi þarf að treysta betur flutnings- og dreifikerfi raforku í landinu, tengja betur lykilsvæði og tryggja afhendingaröryggi raforku um land allt. Skoðað verði að hve miklu leyti má nýta jarðstrengi í þessar tengingar með hagkvæmum hætti. Ekki verður ráðist í línulagnir yfir hálendið.
Verkefnisáætlun Áfram Árneshreppur	3.6 Hefja samstarf við Orkustofnun og Orkusetur um nútímalegri og sjálfbærari orkuöflun með smávirkjunum og orkunotkun í Árneshreppi. Samstarfi verði komið á fyrir mitt ár 2018.

Umhverfismál

Aðgerðaáætlun byggðaaætlunar	C9 Náttúruvernd og efling byggða C10 Fagmennska á sviði innviða á náttúruverndarsvæðum C12 Kynning og innleiðing áfangastaðaáætlana
Orkuskipta	<ul style="list-style-type: none"> Gætt er að náttúruvernd við orkunýtingu Sjálfbær nýting orkuauðlinda
Þjóðgarðar og önnur friðlýst svæði	<ul style="list-style-type: none"> Fjöldi friðlýstra svæða er á Íslandi en skilmálar og reglur um þau eru afar mismunandi og fara eftir markmiðum friðlýsingarinnar, eðli svæðisins og samkomulagi við hagsmunaaðila. Flokkar friðlýsingar eru þannig fjölmargir, s.s. náttúruvé, þjóðgarðar, friðlönd, verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu, fólkvangar o.s.frv. en flokkunarkerfið fellur vel að flokkun alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN. Nánar er kveðið á um flokkun friðlýsinga í lögum um náttúruvernd.
Stjórnarsáttmáli	<ul style="list-style-type: none"> Vernda ósnortin víðerni og hlúa að náttúru og lífinu í landinu Sjálfbær þróun verður í fyrirrúmi við ákvarðanir í samræmi við alþjóðaskuldbindingar og -markmið Aukin dreifing ferðamanna um landið er mikilvæg með hliðsjón af náttúruvernd og byggðasjónarmiðum. Stutt verður myndarlega við rannsóknir í greininni sem og uppbyggingu innviða og landvörslu. Gæta þarf að því að uppbygging bitni ekki á aðráttarafli svæða og tryggja að áfram verði til fátarin svæði, bæði til verndar náttúru og vegna upplifunar ferðamanna. Möguleikar á þjóðgördum á öðrum svæðum

Verkefnisáætlun Áfram Árneshreppur	<p>2.1 Gerð verði úttekt á því hvernig bæta þurfi innviði fyrir ferðaþjónustuna í Árneshreppi. Skoðaðar verði gönguleiðir og þær stikaðar þar sem það á við, merkingar, salerni, tjaldsvæði og öryggismál m.t.t. aukins fjölda ferðamanna. Unnið verði að bótum í kjölfarið. Lokið fyrir júní 2019.</p> <p>2.6 Fundnar verði leiðir til þess að gera fornar minjar og leifar frá búsetu fyrri tíma sýnilegrar í umhverfinu og að upplýsingar um þær séu aðgengilegar. Spennandi verkefni gæti verið að endurbyggja hákarlaverbúð á Gjögri. Frumkönnun lokið fyrir árslok 2018. Ábyrgð: Sveitarfélagið og verkefnisstjóri. Aðgerð A: Fengið álit Minjastofnunar (Kristín Huld) Aðgerð B: Staðir merktir og gerðir sýnilegir.</p>
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	11.4-Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifið heimsins.

Sveitarfélagaskipan, stjórnýsla og samfélag

Aðgerðaáætlun byggðaaætlunar	<p>A18 Skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis</p> <p>B9 Fjölbreytt atvinnutækifæri um allt land</p> <p>B14 Fjármagn til nýsköpunar</p> <p>B18 Atvinnuþátttaka og tekjumunur eftir búsetu</p> <p>C1 Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða</p> <p>C2 Brothætt byggðalög</p>
Orkuskipta	<ul style="list-style-type: none"> • Þjóðin njóti ávinnings af orkuauðlindunum • Jafnt aðgengi að orku sé um land allt
Stjórnarsáttmáli	<ul style="list-style-type: none"> • Treysta þarf enn samráð og stuðning við sveitarfélög að því er varðar uppbyggingu innviða, byggðapróun og fjármálaleg samskipti • Sterkt samfélag • Jöfn tækifæri • Mikil verðmæti felast í því að landið allt sé í blómlegri byggð. Landsmenn eiga að hafa jafnan aðgang að þjónustu, atvinnutækifærum og lífskjörum um land allt. • Ríkisstjórnin mun auka samráð við sveitarfélögin um verkefni þeirra og fjárhagsleg samskipti. Skilgreina þarf hlutverk landshlutasamtaka og styrk sveitarfélaga til að rísa undir nauðsynlegri þjónustu. • Sóknaráætlanir landshlutanna eru mikilvægt tæki til að reka byggðastefnu á forsendum heimamanna. Þær verða styrktar á kjörtímabilinu. Horft verður til byggðaaðgerða sem tíðkast í nágrennalöndunum en um leið verður svæðisbundin þekking nýtt sem best. Skoðaðir verða kostir þess að nýta námslánakerfið og önnur kerfi sem hvata fyrir fólk til að setjast að í dreifðum byggðum. Ráðuneytum og stofnunum verður falið að skilgreina störf og auglýsa þau án staðsetningar eins og kostur er.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	<p>9.1 Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.</p> <p>10.4-Mörkuð verði stefna í ríkisfjármálum, launamálum og á félagslegu sviði með það fyrir augum að auka jafnrétti stig af stigi.</p> <p>11.a-Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðaþróun á landsvísu og innan svæða.</p>
---------------------------------	---

Landbúnaður

Byggðaaætlun	<p>B-f. Bændum verði auðvelduð kynslóðaskipti í landbúnaði og að bregðast við kröfum um bættan aðbúnað bústofns með lánum á viðráðanlegum kjörum.</p> <p>B-k. Stuðlað verði að aukinni fullvinnslu afurða í héraði.</p> <p>C-q. Matvælaframleiðslu verði viðhaldið sem víðast um landið.</p>
Aðgerðaaætlun byggðaaætlunar	<p>B4 Hagstæð lán fyrir landbúnað</p> <p>B5 Nýsköpun í matvælaiðnaði</p>
Stjórnarsáttmáli	<ul style="list-style-type: none"> Ísland á að vera leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum. Lögð verður áhersla á nýsköpun og vöruþróun til að stuðla að byggðafestu, auka verðmætasköpun og nýta tækifæri sem byggjast á áhuga á matarmenningu með sjálfbærni og gæði að leiðarljósi. Meginmarkmiðið er að landbúnaður á Íslandi sé sjálfbær og vernd búfjárstofna sé tryggð. Eitt af fyrstu verkefnum ríkisstjórnarinnar verður að bregðast við vanda sauðfjárbænda til skemmri og lengri tíma. Samhliða nýrri kynslóð landbúnaðarsamninga verða innleiddir sérstakir aðlögunarsamningar um nýja starfsemi til sveita. Með þeim verður rudd braut fyrir bændur til að byggja upp nýjar búgreinar eða hasla sér völl á öðrum sviðum. Slíkir aðlögunarsamningar til búháttabreytinga verða tímabundnir og háðir skilyrðum um byggðafestu, verðmætasköpun og búsetu viðkomandi jarðar og geta stuðlað að nýsköpun, náttúruvernd og nýjum áherslum í rannsóknum og menntun.
Verkefnisáætlun Áfram Arneshreppur	<p>1.1 Þrýst verði á yfirvöld að finna leiðir til þess að styðja við byrjendur í búskap þannig að nýliðun í greininni sé gerð auðveldari, t.d. með skattaávilnunum eða sérstökum aðgerðum fyrir byrjendur. Lokið fyrir árslok 2018.</p> <p>1.2 Unnið verði að tillögum um styrkingu sauðfjárræktar í Arneshreppi. Hvernig er hægt að nýta og efla stuðningskerfi landbúnaðarins. Sértekra svæðisbundinna aðgerða er þörf. Leitað tillagna um aðgerðir hjá sérfræðingum í þessum málaflokki. Lokið fyrir árslok 2019.</p>

Sjávarútvegur

Byggðaaætlun	<p>B-e. Tryggður verði byggðalegur árangur af úthlutun byggðakvóta.</p>
--------------	---

Aðgerðaáætlun byggðáætlunar	B 15 Úthlutun byggðakvóta
Samgönguáætlun	2.1.12 Greiðslubátttöku ríkisins í hafnarframkvæmdum verði forgangsraðað annars vegar í þágu öryggis og hins vegar í þágu atvinnusköpunar.
Stjórnarsáttmáli	Mikilvægt er að efla hinar dreifðu sjávarbyggðir og viðhalda fjölbreytni í vaxtarmöguleikum til að tryggja afkomuöryggi þeirra. Vega þarf og meta fyrirkomulag þeirra aflaheimilda sem ríkið fer með forræði yfir, þ.m.t. strandveiða, með það að markmiði að tryggja betur byggðafestu og nýliðun.
Verkefnisáætlun Áfram Árneshreppur	1.3 Útvega útgerð í Árneshreppi veiðiheimildir út frá sérstöðu sveitarfélagsins. Sérþækra aðgerða er þörf. Fá auknar heimildir svo hægt sé að veiða meira tímabundið meðan fiskflutningar eru mögulegir landleiðina.